



Vátryggingafélag Íslands hf.

Afkoma fyrsta ársfjórðungs 2014

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2014 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 29. apríl 2014. Árshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Helstu niðurstöður

- 14 m.kr. tap varð af rekstri félagsins á ársfjórðunginum samanborið við 711 m.kr. hagnað á sama tímabili árið 2013.
- Iðgjöld tímabilsins námu 3.861 m.kr. samanborið við 4.024 m.kr. sama tímabil árið 2013.
- Framlegð af vátryggingarekstri var neikvæð um 66 m.kr. samanborið við jákvæða framlegð 19 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi árið 2013.
- Samsett hlutfall var 102,9% samanborið við 100,4% á sama tímabili 2013.
- Fjármunatekjur námu 171 m.kr. samanborið við 976 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2013.
- Heildareignir í lok mars námu 50.183 m.kr. samanborið við 46.254 m.kr. í árslok 2013.
- Fjárfestingaeignir félagsins námu 36.914 m.kr. samanborið við 36.581 m.kr. í árslok 2013.
- Eigið fé félagsins nam 14.779 m.kr. í tímabilsins samanborið við 16.624 m.kr. í árslok 2013.
- Arðsemi eigin fjár var neikvæð um 0,4% á ársgrunni samanborið við 19,2% arðsemi á sama tímabili árið 2013.
- Eiginfjárlutfall var 29,5% í lok fjórðungsins.
- Gjaldþolshlutfall samstæðunnar var 3,74 í lok mars sem er það sama og í árslok 2013.
- Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 13. mars s.l. var samþykkt að greiða hluthöfum félagsins arð, samtals 1.831 m.kr., sem samsvarar um 0,73 krónur á hlut. Arðurinn var greiddur 10. apríl sl.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri

„Rekstur félagsins var þungur á fyrsta ársfjórðungi ársins en það ber að hafa í huga að rekstur tryggingafélaga er nokkuð sveiflukenndur frá einum ársfjórðungi til annars. Tjónaþungi var meiri á fyrsta ársfjórðungi en verið hefur um nokkurt skeið og var samsett hlutfall félagsins á fjórðungnum 102,9% samanborið við 100,4% á sama tímabili 2013. Iðgjöld félagsins dragast saman frá sama tímabili 2013 en áherslur félagsins á að bæta arðsemi af vátryggingastarfseminni og samkeppni á markaði skýra lækkunina.

Ávöxtun af fjárfestingasafni félagsins á 1. ársfjórðungi var nokkuð undir væntingum stjórnenda og verulega lægri en á sama tímabili 2013. Markaðir bæði fyrir hlutabréf og verðtryggð skuldabréf skiluðu lágrí eða neikvæðri ávöxtun á tímabilinu og námu tekjur af fjárfestingastarfsemi félagsins 171 milljón króna samanborið við 976 milljónir króna á sama tímabili 2013. Rekstrarkostnaður stóð í stað á milli ársfjórðunga.

Áfram er unnið að því í samræmi við stefnu félagsins að einfalda starfsemi þess með það að leiðarljósi að bæta þjónustu við viðskiptavinum og auka ánægju þeirra, auka skilvirkni í starfseminni og lækka þannig rekstrarkostnað. Á ársfjórðungnum var rekstri á útstöðvum upplýsingatæknikerfa, notendabjónustu og alrekstri á öllum miðlægum tölvukerfum félagsins útvistað í kjölfar útboðs og öll tölvukerfi félagsins flutt til Reiknistofu bankanna. Útvistun mun einfalda upplýsingatæknirekstur félagsins og færa því meiri áherslu á kjarnastarfsemi þess, lægri kostnað, aukinn sveigjanleika og öryggi í rekstri.“



Horfur

Stefna félagsins er að sækja og rækta samband sitt við núverandi og nýja viðskiptavinum og viðhalda markaðsstöðu sinni. Áhersla er á áhættumat og verðlagningu vátryggingaráhættu ásamt öflugum forvarnarstarfi til að fækka tjónum. Markmið félagsins er að auka ánægju viðskiptavina á sama tíma og unnið er að því að einfalda og auka skilvirkni í starfsemi félagsins og lækka kostnað. Markmið félagsins er að samsett hlutfall félagsins á árinu 2014 verði lægra en það var á árinu 2013. Jafnframt er áhersla á trausta langtímaávöxtun á fjárfestingar í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins.

Um VÍS

VÍS er leiðandi fyrirtæki á sviði vátrygginga á Íslandi. VÍS nýtur sterkrar stöðu á íslenskum vátryggingamarkaði með liðlega þriðjungs markaðshlutdeild. Félagið býður upp á víðtæka vátryggingaþjónustu til viðskiptavina sinna þar sem rík áhersla er lögð á viðeigandi ráðgjöf um vátryggingavernd, gæði í þjónustu, skilvirkni og sveigjanleika.

Meginstarfsemi VÍS er á sviði skaðatrygginga og líftrygginga og starfrækir félagið 39 þjónustuskrifstofur víðsvegar um land. VÍS leggur áherslu á að starfsmenn og umboðsmenn félagsins vinni eftir grunngildum félagsins sem eru umhyggja, fagmennska og árangur.

Hlutverk VÍS

VÍS er traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi vátryggingavernd og stuðlar að öryggi í samfélaginu með öflugum forvörnum.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 29. apríl n.k. kl. 16:15. Þar kynnis Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS afkomu félagsins og svarar spurningum.

Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu VÍS: www.vis.is

Fjárhagsdagatal

Viðburður	Dagsetning:
Aðalfundur 2014	13. mars 2014
1. ársfjórðungur 2014	29. apríl 2014
2. ársfjórðungur 2014	19. ágúst 2014
3. ársfjórðungur 2014	28. október 2014
Ársuppgjör 2014	24. febrúar 2015
Aðalfundur 2015	12. mars 2015



Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri í síma 560-5000 og í netfangi fjarfestatengsl@vis.is.



Rekstraryfirlit

	m.kr.	3M 2014	3M 2013	2013
Rekstur	lögjöld tímabilsins	3.861	4.024	16.090
	Eigin iðgjöld	3.700	3.878	15.447
	Fjármunatekjur	171	976	2.631
	Heildartekjur	3.919	4.888	18.233
	Tjón tímabilsins	-2.974	-3.038	-12.667
	Eigin tjón	-2.938	-3.021	-11.663
	Rekstrarkostnaður	-1.001	-999	-3.936
	Heildargjöld	-3.946	-4.059	-15.677
	Hagnaður, -Tap	-14	711	2.154
	Hlutföll	Tjónahlutfall	77,0%	75,5%
Eigið tjónahlutfall		79,7%	77,9%	75,5%
Kostnaðarhlutfall		22,7%	21,7%	21,4%
Endurtr.kostnaðarhlutfall		3,2%	3,2%	-2,2%
Samsett hlutfall		102,9%	100,4%	97,8%
Eiginfjárhlutfall		29,5%	31,1%	35,9%
Arðsemi eiginfjár		-0,4%	19,2%	13,9%
Gjaldþolshlutfall		3,74	3,88	3,74



**Efnahagsyfirlit**

	m.kr.	31.3.2014	31.12.2013
Efnahagur	Eignir		
	Fjárfestingar	34.149	33.919
	Laust fé	2.765	2.662
	Viðskiptakröfur	7.955	4.811
	Endurtryggingaeignir	1.702	1.426
	Aðrar kröfur	1.209	994
	Óefnislegar eignir	912	926
	Aðrar eignir	1.491	1.516
	Eignir samtals	50.183	46.254
	Skuldir		
	Eigið fé	14.779	16.624
	Vátryggingaskuld	30.663	27.083
	Viðskiptaskuldir	826	412
	Aðrar skuldir	3.915	2.135
Skuldir samtals	50.183	46.254	
Hlutföll	Eiginfjárlutfall	29,5%	35,9%
	Gjaldþólishlutfall samstæðu	3,74	3,74

Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS veur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímapunkti þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.